

Gámasvæði Víkurheiði 4

Gámasvæði Víkuheiði 4 – sími: 482-2510

[Sjá staðsetningu gámasvæðis](#)

Umsjónarmaður gámasvæði;

Þorvaldur Siggason

Sumaropnunartími gámasvæðis gildir frá 1.maí til 31.ágúst ár hvert:

mánudaga – föstudaga: 10:00 – 17:00

miðvikudaga: 10:00 – 18:30

Laugardaga: 10:00 – 17:00

Sunnudaga: Lokað

Vetraropnunartími gámasvæðis gildir frá 1.sept til 30.apríl ár hvert:

mánudaga – föstudaga: 13:00 – 17:00

Laugardaga: 13:00 – 17:00

Sunnudaga: Lokað

Gámar eru undir eftirfarandi 13 sorpflokka:

“**Pappi**” Allur bylgjupappi, t.d. pappakassar og pitsukassar.

“**Járn**” Niðursuðudósir, málmlok af krukum en einnig eru húsgögn oft að hluta eða alveg úr málm.

“**Fernur/dagblöð**” Dagblöð, tímarit, auglýsingapóstur, prentpappír, hreinar og tómar umbúðir úr sléttum pappa,

“**Grófur úrgangur**” Ónýtir fyrirferðarmiklir hlutir sem ekki er hægt að pressa eins og t.d. ónýt húsgögn

“**Hjólbarðar**” Allar tegundir hjólbarða

“**Garðaúrgangur**” Allur garðaúrgangur

“**Jarðefni**” grjót, hellur, múrbrot, gler, postulín gifs og flísar ásamt öllum gler umbúðum undan matvælum.

“**Stór Raftæki**” fara stærri raftæki svo sem þvottavélar, eldavélar, þurrkarar, svo eitthvað sé nefnt.

“**Timbur**” Allt timbur

“Rauði krossinn” Vefnaðarvörur, t.d. fullorðins fatnað, barna fatnað

“Raftæki” Ryksugur, straujárn, brauðristar, hljómtæki, kaffivélar

“Spilliefni” Málning, lím, þynnir ýmiskonar leysiefni, rafhlöður, lakk olíuefni

“Plastílát” Sjampóbrúsar, plastbakkar undan ýmsum matvörum, hreinar skyr og jógúrt dósir.

[Umsókn um reikningsviðskipti](#)

Nýtt svæði fyrir sorpmóttöku í Sveitarfélaginu Árborg að Víkurheiði 4

Starfsmenn á gámasvæðinu aðstoða og leiðbeina við flokkun sorps.

Umhverfismál fá aukið vægi í sveitarfélaginu með tilkomu nýs gámasvæðis og aukinnar flokkunar sorps. Aukin flokkun leiðir til lægri kostnaðar við sorphirðu og urðun. Markmiðið er að jafnvægi og sanngirni náist í málaflokknum þannig að “sá sem mengar borgar”.